

# Reglur endurskoðunarnefndar Birtu lífeyrissjóðs

## 1. gr. Markmið

Markmið endurskoðunarnefndar Birtu lífeyrissjóðs er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og ber stjórn ábyrgð á störfum nefndarinnar.

## 2. gr. Skipan og hæfi endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn í samræmi við IX. Kafla A. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Nefndin tekur jafnframt mið af kafla 5.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem fjallað er um endurskoðunarnefndir, skipan þeirra og hlutverk<sup>1</sup>. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og skal einn þeirra vera stjórnarmaður í sjóðnum. Stjórn sjóðsins skipar formann nefndarinnar og tvo aðra í kjölfar ársfundar, en eigi síðar en mánuði eftir ársfund. Meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir sjóðnum í skilningi laga um ársreikninga.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins eða aðrir starfsmenn mega ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar, ásamt því að hafa góða yfirsýn yfir rekstur sjóðsins. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar.

Hámarkstími á skipunartíma nefndarmanns í endurskoðunarnefnd skal vera sjö ár.

## 3. gr. Fundir

Nefndin skal funda að lágmarki sex sinnum á ári en oftar ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilt að óska eftir því að framkvæmdastjóri og/eða aðrir starfsmenn sjóðsins eða aðrir aðilar, sem hún telur ástæðu til að kalla til, mæti á fund nefndarinnar til að veita henni upplýsingar. Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Fundi nefndarinnar skal að jafnaði halda á starfsstöð sjóðsins en ella þar sem formaður ákveður og stýrir hann fundum nefndarinnar. Nefndin skal halda gerðarbók, þar sem fundargerðir nefndarinnar eru skráðar. Fundargerðir nefndarinnar skulu vera skriflegar og samþykktar af fundarmönnum og afrit aðgengilegt nefndarmönnum og stjórn lífeyrissjóðsins. Senda skal út dagskrá og tiltæk gögn er varðar mál sem taka skal fyrir á fundum nefndarinnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund eða eins fljótt og auðið er.

Á fyrsta fundi eftir ársfund lífeyrissjóðsins skal endurskoðunarnefnd setja sér starfsáætlun fyrir starf endurskoðunarnefndar innan ársins sem tryggir að allir þættir sem nefndinni ber að sinna sé sinnt, sbr. 4. gr. reglna þessa.

---

<sup>1</sup> Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útg. Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq og Samtök atvinnulífsins, 6. útg. febrúar 2021.

#### 4. gr. Hlutverk og ábyrgð endurskoðunarnefndar

Meginhlutverk endurskoðunarnefndar skal vera í samræmi við ákvæði 108 gr. b. laga nr. 3/2006 um áreikninga, en þar segir að endurskoðunarnefnd skuli hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðunar, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureikning einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Setja fram tilmæli til stjórnar um val á endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækis í samræmi við reglugerð ESB 537/2014.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með að vinnubrögð við innri og ytri endurskoðun og gerð reikningsskila séu með viðunandi hætti og að farið sé að réttum lögum og reglum í því efni. Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum sem veittar eru stjórn sjóðsins og Fjármálaeftirlitinu. Nefndin skal leggja mat á störf innri og ytri endurskoðanda og óhæði. Störf nefndarinnar koma ekki í staðinn fyrir eða til viðbótar við þau störf sem endurskoðendum ber að inna af hendi. Ábyrgð nefndarinnar felst í því að rækja það hlutverk sem henni er sett í lögum og þessum reglum. Starf endurskoðunarnefndar hefur ekki áhrif á ábyrgð stjórnar á þeim þáttum sem nefndin fjallar um. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum lífeyrissjóðsins sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða endurskoðunarnefnd í verkefnum hennar, ytri endurskoðendum og innri endurskoðendum. Nefndin hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar á hverju því máli sem fellur undir ábyrgðasvið hennar eins og þörf krefur.

Endurskoðunarnefnd sinnir verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnar lífeyrissjóðsins og starfar sem tengiliður milli stjórnar hans, ytri og innri endurskoðanda í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.

Til að sinna hlutverki sínu skal nefndin skoða eftirfarandi atriði:

##### *a) Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila*

Endurskoðunarnefnd skal fara yfir reikningsskil sjóðsins og fjalla um helstu álitafni við gerð þeirra áður en stjórn samþykkir reikningsskilin. Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, þ.m.t. að fara yfir endurskoðunina með endurskoðanda og framkvæmdastjóra.

Önnur málefni er varða endurskoðun og reikningsskil sjóðsins skal endurskoðunarnefnd fylgjast með að séu í samræmi við gildandi lög, reglur og samþykktir sjóðsins.

##### *b) Eftirlit með endurskoðun ársreiknings*

Endurskoðunarnefnd skal eiga fundi með endurskoðanda lífeyrissjóðsins og yfirfara árlega endurskoðunaráætlun. Endurskoðunarnefnd skal kynna sér athugasemdir endurskoðanda og tillögur til úrbóta, þar með talið val á reikningsskilaaðferðum.

Önnur málefni er varða endurskoðun og reikningsskil sjóðsins skal endurskoðunarnefnd fylgjast með að séu í samræmi við gildandi lög, reglur og samþykktir sjóðsins.

Leggja mat á störf ytri endurskoðanda sem gefa skulu henni skýrslu um störf sín. Í skýrslunni skulu koma fram mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina og sérstaklega gerð grein fyrir veikleikum í innra eftirliti, sbr. 108. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og 11. gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014.

Við lok endurskoðunar skal nefndin funda aftur með endurskoðenda sjóðsins og yfirfara með honum helstu niðurstöður vinnu hans.

Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi ytri endurskoðun.

*c) Eftirlit með innri endurskoðun*

Endurskoðunarnefnd skal yfirfara skipulag, umfang og störf innri endurskoðanda og fara yfir innri endurskoðunaráætlun og niðurstöður innri endurskoðunar. Fara yfir að innri endurskoðun hafi hæfilegt umfang til að sinna innri endurskoðuninni vel. Nefndin skal fara yfir mikilvægar niðurstöður innri endurskoðunar ársins og viðbrögð stjórnenda við þeim. Nefndin fer yfir hvernig framgangur úrlausna með athugasemdir og frávik sem koma upp í vinnu eftirlitsaðila eru klárúð og leyst innan lífeyrissjóðsins, ásamt því að uppfæra stöðu þeirra. Nefndin leitast við að leysa ágreiningsmál sem kunna að koma upp varðandi innri endurskoðun.

*d) Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits*

Endurskoðunarnefnd skal fylgjast með og leggja mat á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins ásamt því að fylgjast með að innra eftirlitskerfi sé skilvirkt. Hafa eftirlit með að stjórn tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að sjóðurinn hafi innleitt viðeigandi innra eftirlit á þann hátt að innleiddar séu eftirlitsaðgerðir tengdar þeim áhættum sem þeim er ætlað að verja eða draga úr, auk þess að það beri með sér hvert sé markmið með eftirlitinu. Nefndin yfirfer með stjórnendum, innri endurskoðendum og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring sé viðeigandi og nægjanleg hverju sinni.

Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

*e) Eftirlit með áhættumati og áhættustýringu*

Endurskoðunarnefnd skal fylgjast með og leggja mat á þær aðferðir sem beitt er við áhættumat og áhættustýringu. Endurskoðunarnefnd skal fylgjast með hvernig áhættumati lífeyrissjóðsins er viðhaldið og nýtt til greiningar og stýringar á áhættu. Nefndin yfirfer með stjórnendum, innri og ytri endurskoðendum eftir þörfum hvort áhættustýring sé viðeigandi og nægjanleg hverju sinni.

*f) Mat á störfum stjórnenda lífeyrissjóðsins*

Endurskoðunarnefnd skal kynna sér og meta störf stjórnenda við beitingu á fullnægjandi og virku eftirlitsumhverfi. Hún skal fylgjast með hvernig stjórnendur bregðast við tillögum ytri og innri endurskoðanda um úrbætur í starfsemi sjóðsins, eftirliti og reikningsskilum.

*g) Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.*

Leggja mat á sjálfstæði og óhæði ytri og innri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis m.a. með tilliti til annarra starfa þessara aðila fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd fer yfir að ákvæðum

laga nr. 94/2019 um endurskoðun og laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sé fylgt. Samskonar ráðningarviðmið er varða óhæði skulu gilda um störf innri endurskoðanda og ytri endurskoðanda.

*h) Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.*

Setja fram tilmæli til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki í samræmi við 108. gr. c. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð ESB 537/2014.

Leggja mat á kostnað við innri og ytri endurskoðun sjóðsins, bæði milli tímabila og með samanburði við aðra sjóði eins og kostur er.

*i) Önnur verkefni sem stjórn kann að fela endurskoðunarnefnd*

Endurskoðunarnefnd skal taka að sér önnur verkefni sem stjórn felur nefndinni er tengjast reikningsskilum, endurskoðun, innra eftirliti, ársreikningsgerð og áhættustýringu.

## **5. gr. Skýrslugjöf endurskoðunarnefndar og mat**

Nefndin skal skila stjórn skýrslu um störf sín í lok hvers starfsárs endurskoðunarnefndar þar sem hún gerir grein fyrir álitinu og eftirlitsaðgerðum og til hvaða niðurstöðu þær hafa leitt. Ábyrgð nefndarinnar felst í því álitinu sem hún gefur stjórn sjóðsins. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti árlega meta starfshætti nefndarinnar og endurskoða reglur hennar eftir því sem þurfa þykir.

## **6. gr. Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð**

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins bera ábyrgð á reikningsskilum, innleiðingu innra eftirlits og virkni áhættustýringar og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun reikningsskila sjóðsins.

## **7. gr. Annað**

Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó nefndarmaður láti af starfi.

Um hæfi nefndarmanna til að taka þátt í meðferð einstaka máls fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, sbr. 11. gr. starfsreglna stjórnar lífeyrissjóðsins.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sértök úrlausnarefni er varðar lífeyrissjóðinn. Komi til úrsagnar nefndarmanns skal slíkt tilkynnt stjórn lífeyrissjóðsins bréfleiðis.

**8. gr.**

**Gildistaka, samþykki og breytingar á reglum**

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs hefur samþykkt reglur endurskoðunarnefndar sjóðsins dags. 15. desember 2022. Til breytinga á reglunum þarf samþykki meirihluta stjórnar lífeyrissjóðsins.